



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á stofnfundi
Samráðsvettvangs trúfélaga og lífsskoðanafélaga
24. nóvember 2006**

Biskup, prestar, forstöðumenn
og aðrir samkomugestir.

Við fréttum nánast daglega af átökum, spennu, vopnaskaki, hörmungum sem eiga sér rætur í ótta, áróðri, fjandskap milli fólks sem aðhyllist ólíka trú, stundar tilbeiðslu sem er torskilin öðrum, fylgir síðum sem taka mið af kenningum sem helgaðar eru mismunandi afstöðu til sköpunarinnar, vegferðar mannsins um völundarhús tilverunnar.

Þessi veruleiki er á vissan hátt framandi okkur Íslendingum. Saga okkar geymir friðsama glímu um trú og siði. Við þekkjum öll frásögn í fornum ritum um Þorgeir sem lagðist undir feld og kvað síðan upp úrskurð sem allir undu; þjóðinni var forðað frá langvarandi átökum milli kristnidóms og forrarr heiðni, vopnin borin klæðum.

Það sýnir líka umburðarlyndið sem sett hefur svip á lúterskuna í landi hér að Jón Arason og synir hans, leiðtogar kaþólskunnar í glímunni við konungsvaldið, hafa löngum verið þjóðhetjur í augum okkar Íslendinga. Og flest tókum við þátt í því á næsta degi við jólin sjálf að halda upp á heilagan Þorlák, kaþólskan dýrning, þótt menn geti haft sína skoðun á því hvort við hæfi sé að minnast göfugs manns með skötuáti.

Ég vísa til þessara atriða úr sögu Íslendinga því mikilvægt er á okkar tímum, þegar þjóðfélagið er að taka stakkaskiptum og ólík trúarbrögð hér iðkuð í vaxandi mæli, að við höfum í huga að íslenska hefðin er fólgin í því að forðast átök, virða þann sem er á annarri skoðun og jafnvel heiðra með sérstakri hátíð, leita friðsamra lausna í sambúð manna sem svara á ólíkan hátt þegar spurt er um æðstu helgidóma, siðræn gildi og almættið sjálft.

Við eigum þá sérstöðu í okkar arfi að þjóðin hefur aldrei skipst í stríðandi sveitir til langframa né þurft að þola þær mannfórnir sem margar

aðrar færðu fyrr á öldum eða færa á okkar tímum vegna illdeilna um trúarbrögðin.

Sættirnar sem Þorgeir Ljósveitningagoði mælti fyrir um eru kannski eitt það dýrmætasta í þjóðararfi Íslendinga. Þar unnu sáttarhugur, mannvit og umburðarlyndi frækinn sigur sem ætti að verða okkur leiðarljós í framtíðinni.

Þegar við göngum til móts við nýja tíma er mikilvægt að hafa þetta í huga: að liðin tíð gefur okkur veganesti sem nýtast mun þegar við horfumst í augu við breytingarnar sem skella nú á öllum almenningi – af meiri þunga en áður þekktist.

Í fyrsta sinn í þúsund ár búa hér stórir hópar manna sem aðhyllast aðra trú en þá sem vernduð er í lögum landsins. Því er áriðandi að gagnkvæmur skilningur, umburðarlyndi og djúpstæð virðing einkenni hina fjölþættu trúarsambúð sem í vaxandi mæli setur svip á mannlífið í landi okkar.

Þess vegna fagna ég sérstaklega að náðst hefur samstaða um þennan nýja samráðsvettvang og vænti mikils af starfinu, umræðunum, árangrinum sem hann mun skapa.

Það eru ærin tilefni til að láta að sér kveða í þessum efnunum; fjölmiðlar, stofnanir í stjórnkerfinu, bæði ríki og sveitarfélög, en líka atvinnulífið, jafnvel skemmtanahald, hátíðarstundir þurfa að taka mið af fjölþættum trúarlegum veruleika, tileinka sér skilning og umburðarlyndi ef vel á að takast í sambúð allra Íslendinga.

Minna má á að í gær héldu Bandaríkjamenn árlega þakkargjörðarhátíð sína sem sameinar þjóðina alla, án tillits til trúarbragða. Vel má vera að hliðstæð hátíð óháð trúarskoðun fái einnig hér aukið vægi þegar fram líða stundir — kannski mætti einmitt kenna slíka hátíð við Ljósveitningagoðann og tengja hana þar með við víðsýni, einingu og umburðarlyndi.

Umfram allt þurfum við að stefna að því að þjóð okkar þurfi aldrei að glíma við afleiðingar af mistökum sem orðið hafa öðrum dýrkeypt.

Við þurfum því öll að taka höndum saman og kenna hvert öðru að feta hinar nýju leiðir og hafa arfleifðina og umburðarlyndi í veganesti, en líka ríkan skilning á að heimurinn verður nú allur að temja sér aðra siði, að framganga okkar getur orðið öðrum fordæmi og leiðarljós, hvatning til að gera betur.

Ég óska ykkur farsældar og árangurs í starfinu sem hér er hafið og þakka fyrir skilaboðin sem þið sendið öllum Íslendingum.